

Nd.

309. Nefndarálit

um frv. til l. um eftirlit með sveitarfélögum.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er flutt af allsherjarnefnd Ed. eftir beiðni félagsmálaráðherra.

Nefndin hefir athugað frv. rækilega og borið það saman við gildandi löggjöf. Ákvæði II. kafla frv. um verksvið eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna eiga stoð sína í III. kafla l. nr. 69 31. des. 1937 og l. nr. 30 12. júní 1939. Er verksvið og valdsvið eftirlitsmanns aukið, og eru þessi ákvæði yfirleitt til bóta.

Í III. kafla frv. eru svipuð ákvæði um fjárþröng sveitarfélaga og nú felast í l. nr. 63 19. júní 1933, um ráðstafanir út af fjárþröng sveitarfélaga.

Í IV. kafla frv. eru nýmæli um, að setja megi sveitarfélag undir eftirlit. eru ákvæði frv. að álitu n. allt of ströng í garð sveitarfélagsins og heimildir ráðherra og eftirlitsmanns allt of viðtækar. Er því nauðsynlegt að setja ákveðnar skorður við þessu, og gerir því n. verulegar efnisbreytingar á þessum kafla.

Það hefir enn fremur orðið nauðsynlegt að gera nokkrar efnisbreytingar við aðra kafla frv. og mjög margar orðalagsbreytingar, vegna óskýrs og óheppilegs orðalags.

En þar sem frv. felur í sér nauðsynlega heildarlöggjöf á þessu sviði, leggur n. til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í lögum þessum merkir orðið **sveitarstjórn** bæði bæjarstjórn og hreppsnefnd, **sveitarfélag** merkir bæjarfélag og hreppsfélag, **sveitarsjóður** bæjar- og hrepps-sjóður, og **sveitarmálefni** merkir málefni bæjarfélags og hreppsfélags.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Félagsmálaráðuneytið hefir á hendi söfnun allra skýrslna, er snerta málefni sýslu- og sveitarfélaga. Skal ráðuneytið safna skýrslum um fjárhag þeirra, fram-

- færslumál, tryggingarmál og annað það, er veitir fullt yfirlit yfir málefni þeirra og afkomu. Fela má eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna að annast þessa skýrslusöfnun.
3. Við 4. gr. 2. málsg. orðist svo:

Álits og tillagna eftirlitsmanns skal einkum leita um úthlutun þess fjár, sem árlega er veitt í fjárlögum til framleiðslubóta og atvinnuaukningar.
 4. Við 6. gr.
 - a. Í stað orðanna „bæjum og hreppum“ í 1. málsg. komi: sveitarfélögum.
 - b. 2. málsg. orðist svo:

Hann hefir umsjón með því, að jöfnunarfénu sé varið samkvæmt lögum, ákvörðun ráðherra eða fyrirmælum sveitarfélaga.
 5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Nú er sveitarfélag, sem greiðslu á að fá úr jöfnunarsjóði, í vanskilum við ríkissjóð eða ríkisstofnun, sýslufélag, sveitarfélag, sjúkrahús, sjúkrasamlag, eða stendur ekki í skilum með lán, sem ríkissjóður ábyrgist, og er þá rétt að verja því fé úr jöfnunarsjóði til greiðslu á þessum skuldum sveitarfélagsins.
 6. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna skal hafa glögggt yfirlit yfir fjárhag og viðskipti sveitarfélaga og leitast við að halda þeim til skilsemi.
 7. Við 9. gr. Í stað orðanna „ber að snúa sér“ komi: getur snúið sér.
 8. Við 10. gr. 1. málsg. orðist svo:

Beiðni um aðstoð skal hafa verið rædd við tvær umræður í sveitarstjórn. Skal hún lögð fram í ályktunarformi og telst hún samþykkt, ef hún hlýtur meiri hluta greiddra atkvæða á tveim löglega boðuðum fundum. Ef um hreppsfélag er að ræða, skal álitsgerð sýslunefndar eða sýslumanns fylgja ályktuninni.
 9. Við 12. gr. Í stað orðanna „bæjar- eða hreppsfélagsins“ í upphafi greinarinnar komi: sveitarfélagsins.
 10. Við 16. gr. Orðin „viðkomandi sveitarfélags“ í 2. málslíð falli niður.
 11. Við 19. gr. Greinin orðist svo:

Hljóti frumvarpið samþykkt skuldheimtumanna, er hafa ráð yfir meira en helming þeirrar fjárhæðar, sem því er ætlað að ná til, er eftirlitsmanni heimilt að úrskurða, að samþykkt þessi sé fyrst um sinn skuldbindandi fyrir alla skuldheimtumenn, og falla þá niður allar frekari kröfur á hendur sveitarfélaginu.
 12. Við 29. gr. Greinin orðist svo:

Nú vanrækir sveitarfélag fjárhagsskuldbindingar sínar við ríkissjóð eða skuldbindingar, sem ríkissjóður ber ábyrgð á, og ekki hefir tekizt við ítrekaðar tilraunir að ráða bót á þessum misfellum, og getur þá ráðherra ákveðið, að sveitarfélag skuli sett undir eftirlit samkv. lögum þessum, að liðnum 6 mánuðum frá tilkynningu ráðuneytis þar að lútandi, sé skuldin eigi greidd innan þess tíma.
 13. Við 30. gr.
 - a. Í stað orðanna „6 mánuði“ í a-lið greinarinnar komi: 12 mánuði.
 - b. Í stað orðanna „bæjar- eða sveitarfélagsins“ í 5. málsg. komi: sveitarfélagsins.
 - c. Í stað orðsins „mánaðarfrest“ í 5. málsg. komi: 2 mánaða frest.
 14. Við 31. gr. 2. málsg. orðist svo:

Ráðherra getur þó ákveðið að fresta eftirliti og reynt skuli að leysa vandræði sveitarfélagsins samkv. III. kafla laga þessara, og skal hann þá láta boða kröfuhafa á fund samkv. 13. gr. laganna, innan 2 mánaða frá því úrskurður réttarins er orðinn bindandi fyrir sveitarfélagið.
 15. Við 32. gr.
 - a. Orðin „eða eftir fyrirmælum 8. gr.“ í 1. málsg. falli burt.
 - b. 2. málsg. orðist svo:

Ráðherra getur skipað honum til aðstoðar tvo menn, ef hann telur þess þörf.

16. Við 33. gr. Í stað orðanna „Bæjarstjórnir og hreppsnefndir halda áfram að fara með“ í upphafi greinarinnar komi: Sveitarstjórn fer með.
17. Við 34. gr. 1. másl. greinarinnar orðist svo:
Þegar sveitarfélag hefir verið sett undir eftirlit og notið aðstoðar samkv. 36. gr., getur ráðherra ákveðið, að fjármál sveitarfélagsins skuli háð samþykki eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna.
18. Við 37. gr.
a. 1. málsgr. orðist svo:
Nú gerir ráðherra þær ráðstafanir, er í 36. gr. segir, og skal þá eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna semja nýja fjárhagsáætlun fyrir sveitarfélagið og senda hana ráðherra til staðfestingar.
b. Í stað orðsins „hjálpar“ í 2. málsgr. komi: aðstoðar.
19. Við 40. gr. 2. málsgr. orðist svo:
Tillögur þessar skulu þegar í stað sendar eftirlitsmanni, bréflaga eða símleiðis. Telji hann nauðsyn bera til þessara breytinga, leggur hann málið fyrir ráðherra.
20. Við 41. gr. 1. másl. orðist svo:
Nú er fjárhagsáætlun samin og ekki hefir verið notuð heimild 36. gr. og það kemur í ljós, að tekjur hrökkva ekki fyrir útgjöldum, og er ráðherra þá heimilt að veita aðstoð samkv. 36. gr. eða að heimila hlutfallslega hækkun útsvara.
21. Við 43. gr. 2., 3. og 4. másl. greinarinnar orðist svo:
Skulu þær reglur gilda um tiltekinn tíma. Ráðherra má framlengja reglur þessar eða breyta þeim meðan sveitarfélagið er háð eftirliti.
22. Við 44. gr. Á eftir orðunum „Honum er heimilt“ komi: að fengnu samþykki ráðherra.
23. Við 45. gr.
a. Á eftir orðunum „er skyldur til að fara“ komi: í starfi sínu.
b. 2. másl. falli niður.
24. Á eftir 45. gr. komi ný grein, sem verður 46. gr., svo hljóðandi:
Nú hefir sveitarfélag notið aðstoðar samkv. 36. gr., og getur þá ráðherra vikið frá starfsmönnum þess, þar á meðal bæjarstjóra eða oddvita, og sett aðra í þeirra stað um tiltekinn tíma, ef hann telur vonlaust, að nægilegur árangur náist á annan hátt, eða starfsmaður óhlýðnast eða vanrækir fyrirmæli eftirlitsmanns eða laga.
25. Við 46. gr. Greinin orðist svo:
Ef stjórn sveitarfélags, sem er undir eftirliti, stofnar til skulda án samþykkis eftirlitsmanns, ber sveitarfélagið eigi ábyrgð á þeim.

Alþingi, 2. apríl 1940.

Thor Thors,
form., frsm.

Vilm. Jónsson,
fundaskr.

Garðar Þorsteinsson.

Bergur Jónsson.

Sveinbjörn Högnason.